

**541. fundur hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps haldinn
Strandgötu 38, 17. apríl 2019
og hófst hann kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Ingibjörg Jóna Nóadóttir og Bryndís Sigurðardóttir (BS).

Fundargerð ritaði: Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri

Dagskrá:

Oddviti býður fundarmenn og leitar eftir athugasemdum við fundarboð, svo er ekki.

1. Fundargerðir 2019 Velferðarráð - 1901217

Samþykkt samhljóða

2. Ársreikningur 2018 - 1902584

Haraldur Reynisson endurskoðandi Tálknafjarðarhrepps kynnti ársreikning sveitarfélagsins 2018.

Rekstrarniðurstaða A-hluta er 68.466.000 en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 69.484.000. Rekstrarniðurstaða A og B hluta er 40.375.000 en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 86.249.000.

Eigið fé A hluta er 240.571.000, eigið fé A og B hluta er 290.707.000

Handbært fé í árslok er kr. 27.498.000

Ársreikningi 2018 er vísað til síðari umræðu.

Samþykkt samhljóða

3. Sögusýning um Tálknafjarðarhrepp - 1904083

Sveitarstjórn upplýst um fyrirhugaða sögusýningu, málið verður unnið áfram.

Samþykkt samhljóða

4. Ráðning skólastjóra - 1904084

Um stöðu skólastjóra sóttu tveir vel menntaðir og hæfir einstaklingar, úr vöndu var að ráða en niðurstaðan er að ráða Vestfirðinginn Birnu Friðbjörtu S. Hannesdóttur. Sveitarstjórn býður Birnu velkomna til starfa.

Samþykkt samhljóða

5. Upplýsingagjöf sveitarstjóra - 1902453

Sveitarstjóri kynnti rekstur jan-feb

Samþykkt samhljóða

6. **Hátíðarsprenging vegna gegnumbrots - 1904082**
Sveitarstjórn mun mæta við hátíðarsprengingu ganganna.
7. **Upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum - 1904081**
8. **Til umsagnar frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál. - 1904077**
9. **Til umsagnar frumvarp til laga um lýðskóla, 798. mál. - 1904062**
10. **Til umsagnar frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.), 775. mál. - 1904075**
11. **Til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (tilvísun í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku), 792. mál. - 1904079**
12. **Til umsagnar frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (stjórnvaldssektir og eftirlit með gististarfsemi), 784. mál. - 1904067**

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Ingibjörg Jóna Nóadóttir

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir
(IÓÞ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Bryndís Sigurðardóttir